



# Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 8. árgangur, 3. maí 2015

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Vorskóli - skólabyrjun í haust

Miðvikudaginn 27. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Skólafarir í haust mun svo hefjast með skólasetningu þann 21. ágúst.



## Kæra skólasamfélag

Vorinu gengur fremur illa að ná fótfestu í náttúrunni þetta árið, en í skólanum fara vorverkin hins vegar að verða allsráðandi. Undirbúningur næsta skólaárs potast áfram, við erum ekki búin að raða endanlega niður í kennsluteymi næsta árs og þau mál verða ekki endanlega ljós fyrr en eftir miðjan mánuðinn. Okkur vantar nefnilega kennara við skólann fyrir næsta ár, unnið er að ráðningu smíðakennara og búið að auglýsa aðra kennarastöðu til. Þetta stafar af því að Dögg smíðakennari ætlar að taka sér árs leyfi frá skólanum og Stefán, sem kennt hefur í 2.-3. bekk, ætlar að hætta hjá okkur í vor. Halla Óladóttir, sem verið hefur í ársleyfi, ætlar ekki að snúa til baka til okkar, en Sunna Alexandersdóttir, sem verið hefur í fæðingarorlofi, kemur til starfa á nýjan leik í haust. Gert er ráð fyrir að stundaskrá skólans næsta vetur verði með svipuðu sniði og verið hefur nema að sú breyting verður hvað varðar íþróttirnar að öll inniþróttakennsla skólans mun fara fram í íþróttahúsi Glerárskóla. Og nú sjáum við fram á síðasta veturinn sem við þurfum að fara burt í íþróttir!

Annars er bara fátt og gott að fréttu úr skólanum, dagskráin í maí inniheldur fasta liði eins og venjulega s.s. skólabúðaferð 4. bekkjar, útskriftarferð 10. bekkjar, frjálsíþróttamat miðstignemenda, vorþemadaga, vorhátíðina okkar o.s.frv. Við lítum því björtum augum til vorsins, sem hlýtur að detta inn hvað úr hverju, og þá verður nú lífið aldeilis dásamlegt!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

## Leiðir til þess að forðast valdabaráttu

Jákvæður agi leggur áherslu á jákvæð samskipti barna og fullorðinna með það að leiðarljósi að kenna börnum sjálfsgætu, auka ábyrgðarkennd þeirra og samvinnu, auk þess að efla þau í lausnaleit.

### ÞAD ÞARF TVO TIL ÞESS AÐ STANDA Í VALDABARÁTTU.

Valdabaráttu getur oft leitt til samskiptaörðugleika, mótþróa og lélegs sjálfsmats barna. Eftirfarandi verkfæri eru notuð til þess að forðast valdabaráttu milli barna og fullorðinna.

1. **Ákveddu til hvers þú ætlast.** - Ég les fyrir þig eftir að tennur hafa verið burstaðar. Ég byrja að elda þegar gengið hefur verið frá í eldhúsinu. Ég keyri af stað þegar beltin hafa verið spenn. Ég keyri út í kant þegar rifist er í aftursætinu...
2. **Fylgdu málum eftir með góðvild og festu.** - Keyrðu út í kant án þess að segja orð, börn læra meira af gjörðum en ræðuhöldum...
3. **Griðastaður (jákvæð einvera).** - Skapaðu notalegan griðastað með barninu þínu þar sem það getur leitað athvarfs þegar það þarf að jafna sig (staðurinn er ekki notaður sem refsing).
4. **Mundu að taka tillit til þroska barnsins.** - Stundum eru börn skömmuð fyrir það sem þeim er eðlislægt að gera miðað við þroska...
5. **Skapaðu venjur.** - Í tengslum við háttatíma, morgunverkin og æfingar...
6. **Notaðu opnar spurningar.** - Hvernig var samkomulagið sem við gerðum um það að ganga frá í eldhúsinu? Hvað er næst á dagskránni hjá þér? Hvað finnst þér um það sem gerðist?...
7. **Notaðu fjölskyldufundi.** - Þar er hægt að bera upp mál sem þarf að ræða og leysa.
8. **Notaðu 10 orð eða færri.** - Eitt er best: Leikföngin, skórnir, úlpan, íþróttafötin...
9. **Bjóddu upp á sameiginlega lausnaleit.** - Ég get ekki neytt þig til að gera þetta en mig vantar aðstoð þína...
10. **Framkvæmdu í stað þess að tala.** - Skrifðu skilaboð á Post it miða, bendingar, bros...
11. **Hlustaðu.** - Hættu að tala og hlustaðu, reyndu að setja þig í spor barnsins og skilja þess sjónarmið...
12. **Bjóddu afmarkaða valkosti.** - Ætlarðu að leggja á borð eða ganga frá eftir matinn? Ætlarðu að lesa fyrir kvöldmat eða eftir kvöldmat?...
13. **Gerðu hluti með barninu þínu.** - Kannski viltu fara á griðastaðinn með því eða setjast niður og lesa eftir kvöldmatinn...
14. **Notaðu hómor.**

Og mundu að faðmlag getur gert kraftaverk...

### Frá Foreldrafélaginu

Foreldrafélagið þakkar góð skil á árgjaldi félagsins og hvetur þá sem eiga eftir að greiða til að skoða heima-bankann sinn vel, þetta kemur upp í heimabanka móður barns eftir því sem við á.



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Maí 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	4. Hakkréttur, spaggetti og gúrka. Ávextir. <b>4. bekkur fer í skólalabúðir</b>	5. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, smjör og salatbar. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	6. Lambasnitsel, steiktar kartöflur, grænar baunir og salat. Ávextir. <b>4. bekkur kemur aftur úr skólalabúðiferð</b>	7. Ofnbakaður fiskur í tómatakarrýsósu, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	8. Grænmetisúpa, brauð og salatbar. Ávextir.	9.
10.	11. Soðinn fiskur, rófur/gulrætur, kartöflur og tómatsósa. Ávextir.	12. Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa. Ávextir. <b>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	13. Steiktur kjúklungur, kryddgrjón, salat og sveppasósa. Ávextir.	14. <b>Uppstigningardagur FRÍ</b>	15. Skr, brauð, álegg og salatbar. Ávextir.	16.
17.	18. Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og salat. Ávextir.	19. Kjötballur í brúnni sósu, kartöflur og rauðkál. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 4.b. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</b>	20. Steiktur fiskur, kartöflur, gúrkudressing og salatbar. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 5.b</b>	21. Súrsætur grísapott-réttur, hrísgrjón og salat. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 6.b.</b>	22. Pastaréttur og salatbar. Ávextir. <b>Frjálsþróttamót 7.b.</b>	23.
24.	25. <b>Annar í hvítasunnu FRÍ</b>	26. <b>Starfsdagur Frístund opin</b> (Snakkfiskur, hrísgrjón og rifnar gulrætur. Ávextir.) <b>10. bekkur í ferðalag</b>	27. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir. <b>VORSKÓLI hjá verðandi í.b. kl. 17:00-18:30</b>	28. Baunabuff, hrísgrjón, gúrka og sinnepsdressing. Ávextir. <b>VORHÁTÍÐ</b>	29. Hrísgrjónagrautur, slátur og salatbar. Ávextir. <b>Grænn dagur Unicef—hreyfingin</b>	30.
31.	1.	2. <b>VORÞEMA</b> <b>Opíð hús 7-10b 19:30-21:30</b>	3. <b>VORÞEMA</b>	4. <b>Dagur nýrra námshópa</b>	5. <b>SKÓLASLIT</b>	6.

**Vorhátíð Naustaskóla og hverfisnefndar Naustahverfis verður haldin fimmtudaginn 28. maí - dagskrá verður nánar auglýst síðar..**

**Skólaslit vorið 2015 verða föstudaginn 5. júní, tímasetningar skólaslita verðar auglýstar í næsta fréttabréfi sem kemur út seint í maí.**